

Vinnutímastytting hjá iðnaðarmönnum

Samkvæmt kjarasamningi iðnaðarmannadeildar AFLs sem gerðir voru við Samtök atvinnulífsins 2019 tók gildi virkur vinnutími og stytting vinnutíma í áföngum. Dagvinnan styttist fyrst í 37 vinnustundir á viku fyrir fullt starf- þar var um að ræða niðurfelling á kaffitímum og 5 mín dag í styttingu og var þá deilitala dagvinnutímakaups 160 í stað 173,33 tímar.

Til að mæta þessari tilfærslu hækkaði tímakaupið í dagvinnu um 8,33% eða sem nemur greiðslu fyrir kaffitíma sem færast yfir í tímakaup fyrir virkan vinnutíma,

Þar sem kaffitímar verða áfram teknir með sama fyrirkomulagi og áður, verða þeir ógreiddir eins og tíðkast hefur með hádegismatartíma

Yfirvinna 1 er greidd með 1,00% álagi af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu, greiðist á fyrstu 4 klst á viku að jafnaði umfram dagvinnu eða 17,33 klst á mánuði.

Yfirvinna 2 greiðist fyrir alla tíma umfram 17,33 yfirvinnutíma á mánuði og á nóttunni á milli kl. 00:00-06:00. Álag á yfirvinnu 2 er 1,15% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Viðbótarstytting virks vinnutíma

Starfsmenn eiga rétt á að fram fari viðræður um vinnutímastyttingu í 36 virkar vinnustundir á viku að jafnaði samhliða niðurfellingu kaffitíma skv. gr. 3.1.2 í kjarasamningi. Stjórnendur fyrirtækja geta einnig óskað eftir viðræðum.

Náist samkomulag um styttingu vinnuvikunnar verður virkur vinnutími 36 klst. á viku, án skerðingar mánaðarlauna (deilitala dagvinnutímakaups 156 í stað 160 með 2,56% hækkun dagvinnutímakaups).

Náist ekki samkomulag eða hafi ekki verið gert samkomulag á grundvelli um fyrirkomulag vinnutíma geta starfsmenn fyrirtækis kosið um upptöku staðlaðs fyrirtækjapáttar kjarasamnings. Í staðlaða fyrirtækjapættinum felst 36 stunda og 15 mínútna virkur vinnutími á viku að jafnaði (virkur vinnutími að jafnaði 7 klst. og 15 mín. á dag).

Deilitala til útreiknings tímakaups verður 157,08 og greiðist yfirvinna 2 fyrir vinnu umfram 40,25 klst. á viku að meðaltali á mánuði / launatímabili. Dagleg viðvera á vinnustað er virkur vinnutími að viðbættum tíma sem starfsmaður er ekki við störf.

Það að taka upp staðlaðan, valkvæðan fyrirtækjapátt skv. grein 5.13 hefur ekki áhrif á kaffitíma en ef kaffitímum hefur verið breytt þá eigi vinnutími að vera 36 klst.

Upptaka staðlaðs fyrirtækjapáttar hefur ekki áhrif á vinnutíma á vinnustöðum þar sem virkur vinnutími er styttri en 36 stundir og 15 mínútur.

Staðlaður fyrirtækjapáttur tekur gildi í upphafi þannæstu mánaðamóta eftir samþykkt hans hafi tillaga um upptöku hans verið samþykkt í leynilegri atkvæðagreiðslu skv. 5. kafla kjarasamnings sem trúnaðarmaður starfsmanna stendur fyrir.